

AUGLÝSING

**um gildistöku samnings við Bandaríkin um framkvæmd
eftirlits vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.**

Samningur við Bandaríkin frá 29. nóvember 1991 og 23. janúar 1992 um framkvæmd eftirlits vegna samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu öðlaðist gildi 9. nóvember 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. nóvember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

13. nóvember 1992

Nr. 21

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 4. nóvember 1992 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á a-lið 50. gr. samþykktar frá 7. desember 1944 um alþjóðaflugmál (stofnskrár Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) sem undirrituð var í Montreal 26. október 1990, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 50 þar sem samþykktin er birt. Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Með breytingunni er fulltrúum í fastaráði stofnunarinnar fjölgað úr 33 í 36.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. nóvember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

4. desember 1992

Nr. 22

AUGLÝSING

**um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna
og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins.**

Hinn 27. nóvember 1992 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins sem gerður var í Prag 20. mars 1992. Alþingi hafði með ályktun 25. nóvember 1992 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1993.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari ásamt viðaukum og bókunum sem varða viðskipti Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins. Aðrir viðaukar og bókanir eru ekki birtar hér en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu. Í fylgiskjali 2 er birt bókun um samkomulag varðandi samninginn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.